

RE: Aðalskipulagsbreyting í Mosfellsbæ - Landbúnaðarland Dallands 527-L

Til : Kristinn Pálsson
Frá : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Heiti : RE: Aðalskipulagsbreyting í Mosfellsbæ - Landbúnaðarland Dallands 527-L
Málsnúmer : 201811119
Málsaðili : Ríkarður Már Pétursson
Skráð dags : 22.03.2022 10:05:57
Höfundur : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Viðhengi image001.png [image001.png](#)

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202202-0008 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 3. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.

Breytingin felur í sér stækkun á landbúnaðarsvæði í Dallandi um 6,1 hektara. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við breytinguna. Áætlað landsvæði er lítið og hefur ekki hátt verndargildi og er einkum melur, mólendi og lúpína þó eilítið votlendi sé einnig á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Kristinn Pálsson"

To: "postur@minjastofnun.is" ; "Umhverfisstofnun" ; "Vegagerðin - VG" ; "Móttaka - NI" ; "Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu" ; "hkk@heilbrigðiseftirlit.is" ; "skrifstofa@vedur.is"

CC: "Jón Kjartan Ágústsson" ; "Lára D. Gunnarsdóttir"

Subject: RE: Aðalskipulagsbreyting í Mosfellsbæ - Landbúnaðarland Dallands 527-L

Date: 3.2.2022 16:41:25

Vakin er athygli á:

Landbúnaðarland Dallands 527-L

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að kynna breytingu á aðalskipulagi fyrir óbyggt svæði við Dalland 527-L skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að stækka landbúnaðarland við Dalland 527-L um 6,1 ha. til austurs. Landið er skilgreind sem „óbyggt svæði“ í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Skilgreint svæði stækkar úr 16,6 í 22,7 ha. Engar breytingar eru gerðar á almennum skilmálum aðalskipulags er varða landbúnað. Áætlun er í samræmi við verkáætlun og auglýsta skipulagslýsingu. Umrætt svæði er utan hverfis- og eða vatnsverndar. Um er að ræða endurauglýsta breytingu frá desember 2020. Gögn eru óbreytt.

Skipulagið hefur verið kynnt í Mosfellingi og Lögbirtingarblaðinu. Gögn eru aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, www.mos.is og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2 og á skrifstofum Skipulagsstofnunar Borgartúni 7b, svo þau sem vilja get kynnt sér tillögur og gert við þær athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendar á skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða í tölvupósti á skipulag@mos.is.

Peir sem ekki senda umsögn teljast ekki gera athugasemdir.

Athugasemdafrestur er frá 3. febrúar til og með 24. mars 2022.

<https://www.mos.is/forsida/frettir/frett/2022/02/03/Adalskipulagsbreyting-landbunadarland-Dallands-527-L/>

ATH. Tilkyning þessi og gögn eru aðeins send með rafrænum hætti.

Eftirfarandi aðilar gáfu umsagnir við fyrri auglýsingu og fylgja þær með í viðhengi.

Minjastofnun Íslands 03.02.2021

Umhverfisstofnun 12.01.2021

Svæðisskipulagsnefnd 15.01.2021

Heilbrigðiseftirlit 19.02.2021dalland

Með kveðju,

Kristinn Pálsson
Skipulagsfulltrúi

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

Sími: 525 6700

www.mos.is

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja

[Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum](#)